



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1400
komudagur 3.3.2003

Reykjavík 28.02 2003.

Með bréfi ráðuneytisins dags. 18.2 s.l. er þess farið á leit, að Alþýðusamband Íslands gefi umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599 mál.

ASÍ gerir ekki sérstakar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en vill hins vegar koma á framfæri athugasemd er málinu tengist. Í frumvarpinu er m.a. fjallað í 9. kafla um vernd persónuupplýsinga. Þar er fjallað um skyldur varðandi þau gögn sem geymd eru af fjarskiptafyrirtæki en hins vegar ekki um aðra og afleidda geymslu gagna um fjarskiptaumferð. ASÍ telur nauðsynlegt að sett verði skýr og einföld ákvæði í lög varðandi meðferð, aðgang og geymslu fjarskiptagagna í fjarskipta- og/eða tölvubúnaði annarra notenda. Þetta varðar t.d. tölvupóst starfsmanna í starfsstöð fyrirtækja og gögn um síma- og aðra fjarskiptanotkun þeirra.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 128/1533
komudagur 6.3.2003

Dagsetning
6.3.2003


Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík


Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið í heild sinni. Hinsvegar hvetur hún til þess að leitað verði leiða til að jafna sem öllum tiltækum ráðum þann mun sem nú er á verði á gagnaflutningum á milli landssvæða, líkt og kveðið er á um í núgildandi byggðaaáætlun. Hér er einkum átt við svonefnd millisvæðagjöld sem lögð eru á notendur ATM og IP þjónustu Landssímans.

Virðingarfyllst


Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs
Byggðastofnunar


Askell Heiðar Asgeirsson
ráðgjafi á Próunarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1525
komudagur 6.3.2003

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

Akureyri 5. mars 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál, heildarlög. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings leggur áherslu á að með frumvarpinu verði tryggt að íbúar landsins sitji við sama borð varðandi þjónustu og gæði í fjarskiptum ekki síst m.t.t. öryggisþjónustu. Þá telur stjórnin að koma verði skýrt fram að gjaldskrá fyrir gagnaflutninga taki mið af flutningsgetu en ekki vegalengd. Að öðru leyti gerir stjórn Eyþings ekki athugasemdir við frumvarpið.

Stjórn Eyþings fékk einnig til umsagnar frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, 600. mál, heildarlög. Stjórn Eyþings tók enga afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 123/1498

komudagur 5.3.2003

Reykjavík 4. mars. 2003.

**Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík.**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál, heildarlög, EES –
reglur.**

Farmanna og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leiti en því að í 63. grein þar sem kveðið er á um að íslensk skip skuli búin fjarskiptabúnaði s.s. alþjóðalög kveða á um mætti einnig fylgja lagatexti sem staðfesti að strandastöðvar væru á sama hátt skyldar til að uppfylla alþjóðasamþykktir og reglugerðir. Séð verði til þess að strandastöðvar hafi þann búnað og starfskraft sem til þarf.

F.h. FFSÍ

Árni Bjarnason

FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA

Alþingi

Erindi nr. P 123/1488

komudagur 5.3.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Hr. nefndarritari Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2003.
c:/2003/alþingi/fjarskipti

Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál, heildarlög, EES-reglur


Félag íslenskra skipstjórnarmanna hefur yfirfarið umrætt frumvarp og er umsögn félagsins eftirfarandi:

Félag íslenskra skipstjórnarmanna telur að 19. til og með 23. gr. frumvarpsins eigi að tryggja öryggishagsmunum sjófarenda til fjarskipta.

Vegna mikilvægis þess að sjófarendur geti forðast að valda tjóni á fjarskiptavirkjum í sjó telur félagið eðlilegt að sú kvöð verði á fjarskiptafyrirtækjum að tilkynna Siglingastofnun og Landhelgisgæslunni hnit fjarskiptavirkja í sjó með a.m.k. 500 m. millibili þannig að þau megi merkja í sjó kort. Er lagt til að ákvæði þess efnis verði sett sem ný 5. mgr. í 71. gr. frumvarpsins sem fjallar vernd fjarskiptavirkja.

f.h. Félags íslenskra skipstjórnarmanna

Virðingarfyllst


Guðjón Petersen

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1399
komudagur 3. 3. 2003

Lögmenn.is ehf
Ágúst Sindri Karlsson, hdl
Skiptiholti 50d, 105 Reykjavík
Sími 520 7700, fax 511 3410

Reykjavík, 28. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM FJARSKIPTI, 599. MÁL,
HEILDARLÖG, EES REGLUR.**

Vísað er til bréfs Nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2003, varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Íslandssíma hf.

Í umsögn þessari verður dregin fram sérstaklega þau atriði sem Íslandssími telur að séu efnislega mikilvægust fyrir frumvarpið.

**A. Hvaða ráðuneyti fer með umsjón hlutabréfs í Landssímanum?
2. grein frumvarpsins.**

Af hálfu Íslandssíma er lögð áhersla á að skýrar línur verði lagðar varðandi það hvaða ráðuneyti fari með eignarhald á hlutabréfum í Landssímanum. Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á 2.mgr. 3.gr tilskipunar (e. directive) 21/2002 og 2.mgr. 11.gr. sömu tilskipunar, þar sem gerð er krafa um aðskilnað á milli yfirstjórnar fjarskiptamála og eignarhaldi að fjarskiptafyrirtækjum.

Í 2.mgr. 3.gr. tilskipunarinnar segir "Member States that retain ownership or control of undertaking providing electronic communications networks and/or services shall ensure effective structural separation of the regulatory function from activities associated with ownership or control."

Sá háttur að eignarhald að hlutabréfum í Landssímanum sé í samgönguráðuneytinu, sem er jafnframt með yfirstjórn fjarskiptamála samræmist ekki þessum ákvæðum. Því er lagt til að sett verði sjálfstætt ákvæði þess efnis að eignarumráð með hlutabréfum í Landssímanum færist í annað ráðuneyti en samgönguráðuneyti.

Lagt er til að í 2.gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3.mgr., svohljóðandi:
"Fjármálaráðuneytið skal fara með eignarumráð fjarskiptafyrirtækja í eigu ríkisins."

**B. Framsal tíðna.
7. grein frumvarpsins.**

Íslandssími telur að það megi skoða nánar hvort rétt sé að heimila framsal fjarskiptatíðna. Rétt er að taka fram að samkvæmt 3.tl. 9.gr. DIR 21/2002 (Reglan hljóðar svo: "Member States may make provision for undertakings to transfer rights to use radio frequencies

with other undertakings.") og 2.tl. 5.gr. DIR 20/2002 er ekki óheimilt að framselja tíðnir skv. reglunum, þannig að þetta er bein pólitísk ákvörðun. Úr því að heimilt er að framselja önnur sambærileg réttindi, svo sem kvóta, þá er spurning um jafnræði að öll slík verðmæti séu framseljanleg.

Lagt er til að 7.gr. laganna hljóði svo:

Réttindi til að nota tíðnir og númer.

Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna og númera falla ekki undir p-lið 2. mgr. 6. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun að fenginni umsókn úthluta slíkum réttindum til fjarskipta fyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild. Einnig má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til útvarpsstöðva að lokinni opinni og gegnsærri málsmeðferð án mismununar, enda þjóni slík úthlutun markmiðum stjórnvalda. Að auki má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota. ~~Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og er framsal óheimil.~~ Heimilt er að framselja réttindi sem veitt eru samkvæmt þessari grein.

C. Vistföng.

15.gr. frumvarpsins.

Hugtakið vistfang er nefnt í 15.gr. laganna. Hugtakið er hins vegar ekki skilgreint og óvíst er hvað felst í þessu ákvæði. Það er skoðun Íslandssíma að tilvísun í þetta hugtak sé óþarfi og megi því sleppa úr lögnum. Þar með félli 3.mgr. 15.gr. niður.

Rétt er að vekja athygli á því að ef hér er átt við svokölluð lén, sem úthlutað er af dótturfélagi Íslandssíma, Interneti á Íslandi hf., þá segir í tilskipun 21/2002, í 20 tl. inngangskafli eftirfarandi: "The provisions of this Directive do not establish any new areas of responsibility for the national regulatory authorities in the field of Internet naming and addressing." Með hliðsjón af þessu getur hugtakið vistfang tæplega átt við lén, en þá er spurningin hvað þetta hugtak felur í sér.

Það má einnig gera sjálfstæða athugasemd við 2. og 3.mgr. 15.gr. Þar sem valdaframsal löggjafans til stjórnvalda er óeðlilega mikið. Það hefði t.a.m. verið eðlilegt að löggjafinn hefði komið með einhverja línu um hvaða stefnu ætti taka í reglugerð af þessu tagi.

Lagt er til að 15.gr. laganna hljóði svo:

Skipulag númera og vistfanga.

Póst- og fjarskiptastofnun skal viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. númerakóða fyrir net. Upplýsingar um númeraskipulag og allar breytingar á því skulu birtar opinberlega.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um númer og númeraraðir ~~og vistföng.~~
~~*Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar við útgáfu vistfanga.*~~

D. Umtalsverð markaðshlutdeild.

16. grein frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun annast markaðsgreiningu á fjarskiptamarkaði. Samkvæmt samkeppnislögum þá hafa samkeppnisyfirvöld þá skyldu að annast markaðsgreiningu á öllum markaðinum, þar á meðal fjarskiptamarkaðinum.

Ekki verður annað séð að með þessu móti sé verið að búa til tvær sjálfstæðar sérfræðideildir, sem hafa sama verkefni. Það má jafnvel gera ráð fyrir samkeppni á milli þessara sérfræðideilda, því engin trygging er fyrir því að sama markaðsgreining sé höfð að leiðarljósi hjá báðum þessum stofnunum. Það er skoðun Íslandssíma að markaðsgreiningin eigi heima hjá Samkeppnisstofnun, en í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Ekki verður séð að tilskipanir ESB banni þetta sbr. ákvæði í 1.mgr. 3.gr. tilskipunar 21/2002 svohljóðandi: "Member States shall ensure that each of the tasks assigned to national regulatory authorities in this Directive and the Specific Directives is undertaken by competent body." Samkeppnisstofnun fellur klárlega undir þetta og Íslandssími telur að þetta sé dæmi um hvar megi spara umtalsverða peninga í rekstri hins opinbera. Vandamálið er hins vegar að Póst- og fjarskiptastofnun er fjármögnuð af neytendum á fjarskiptamarkaði, í gegnum veltu fjarskiptafyrirtækja, og því hugsanlega minni áhugi til að skera niður kostnað.

Lagt er til að í 16.gr. verði svohljóðandi:

Samkeppnisstofnun Póst- og fjarskiptastofnunar skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. ~~Hafi skal samráð við Samkeppnisstofnun þegar við á.~~

E. Samtenging neta.

24.grein frumvarpsins.

Í lögnum þarf að vera skýrt ákvæði um að þegar net séu samtengd þá skuli hvor aðili bera sinn kostnað af samtengingu sjálfur. Það verkar verulega hindrandi á samkeppni að Landssiminn hefur komist upp með að krefjast sérstakrar þóknunar fyrir að tengja net saman. Þetta getur fyrirtækið gert í krafti markaðsyfirráða, en óþekkt er að önnur fyrirtæki á markaðinum geri slíka samninga.

Lagt er til að í 24.gr. 1.mgr. komi ný málslíður og verði málsgreinin svohljóðandi:

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Hvor aðili um sig skal bera sjálfur eigin kostnað af samtengingu.

F. Aðgangur að ómissandi aðstöðu og heildsöluverð.

28. grein frumvarpsins.

Hér á undan er vísað til þess að megin hættan fyrir samkeppni á markaði er að Landssiminn nái einokunargróða á ákveðnum sviðum. Íslandssími telur rétt að í lögum komi almennt ákvæði þess efnis að þar sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild hefur ómissandi aðstöðu þá skuli það veita aðgang að þeirri aðstöðu á sanngjörnu verði,

sem sé í öllu falli 25% lægra en smásöluverð á þjónustunni. Með þessu einfalda ákvæði er hægt að tryggja samkeppni á öllum sviðum. Í Danmörku hefur þróunin t.d. verið í þessa átt. Það segir sig sjálft að það er umtalsverður kostnaðarmunur á sölu í heildsölu og smásölu, en því miður hefur Landssíminn ekki viljað viðurkenna þennan kostnaðarmun.

Hættan við þá upptalningu sem er í lögnum er að þegar ný tækni kemur fram, sem venjulega er mjög dýr, þá getur ríkasta fyrirtækið skákað í því skjóli að þetta sé ekki að finna í lögnum og því eigi önnur fjarskiptafyrirtæki ekki rétt á aðgangi að þjónustunni.

Lagt er til að i-liður, 1.mgr. 28.gr. laganna hljóði svo:

- i. veiti aðgang að annarri ómissandi aðstöðu á sanngjörnu verði og skal almennt miðað við að heildsöluverð sé um 25% lægra en smásöluverð þjónustunnar, nema þjónustuveitandi geti sýnt fram á að annað viðmið sé sanngjarnt.

G. Reikisamningar.

35. grein frumvarpsins.

Ein frumforsenda þess að samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði er að eitt fyrirtæki nái ekki að læsa inni einokun á einstökum svæðum. Landssíminn hefur sem fyrrverandi einokunarfyrirtæki mjög mikla möguleika á að skapa sér slíka aðstöðu, bæði í krafti fjárhagslegs styrks og þess forskots sem félagið hefur á markaði. Þar sem Landssíminn hefur lang mestu útbreiðsluna á GSM sendum og fjölmennasta notendahópin verða fjarskiptalög að tryggja óheftan aðgang að neti þeirra þar sem ekki svarar kostnaði að byggja upp GSM fjarskiptanet. Núgildandi fjarskiptalög taka á þessu vandamáli, en reynslan hefur sýnt að það eru agnúar á því kerfi. Annars vegar vantar reglur um hvaða viðmið eigi að hafa til hliðsjónar þegar ákveðið er að uppsetning nýs sendis svarar ekki kostnaði og hins vegar að ekki er skýrt við hvaða gjaldskrá Landssímans skuli miða varðandi reikið. Auðvitað væri hægt að leysa úr þessum spurningum með dómsmáli, en það væri eðlilegt að löggjafinn notaði tækifærið til að skýra þessar reglur nánar.

Lagt er til að 35.gr. laganna hljóði svo:

Reikisamningar.

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða farsímanets, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsíma stöðva og farsímanets eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, eða þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs. Við ákvörðun skilmála skal grunnverð miðast við almennt gjald af eftirágreiddum simtölum, að frádragnum þjónustuliðum sem fjarskiptafyrirtæki þarf ekki að veita.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun skal leitast við að ná því markmiði að samkeppni sé fyrir hendi á öllum svæðum sem eru í farsímasambandi.

H. Athugasemd orðalag.

36. grein frumvarpsins

Í 36.gr. frumvarpsins er talað um að hefja mál, þar sem rætt er um ágreining milli aðila. Þessi orðnotkun er óheppileg þar sem að í lögfræði er viðtekin venja að tala um að hefja mál þegar það er fellt niður. Það má einnig skoða 37 tölulið, sbr. 20gr. g og 34.gr. directive 22/2002 í þessu sambandi.

I. Krafa neytenda um einn reikning vegna fjarskiptaþjónustu.

37. grein frumvarpsins.

Í framkvæmd hefur komið í ljós að eitt erfiðasta við að ná fótfestu á markaðinum er að þau fyrirtæki sem eru þar fyrir bjóða alla þjónustu og viðskiptavinurinn fær aðeins einn reikning. Ef fyrirtæki vill bjóða fast forval þá kostar þetta að viðskiptavinurinn fær tvo reikninga. Ef síðan hann ákveður að hafa GSM annars staðar þá er það þriðji reikningurinn. Auðvitað kemur þetta í veg fyrir að menn nýti sér hagstæðasta verð á hverjum stað. Það er mjög mikilvægt að í lögin komi ákvæði fyrir neytendur þess efnis að þeir eigi kröfu á að fá einn reikning fyrir allri fjarskiptaþjónustu. Það sé síðan viðskiptavinar að ákveða frá hverjum reikningurinn kemur. Í þessu tilviki hefur Landssíminn t.d. ákaflega sértaka stöðu. Fyrirtækið getur sent reikninga á alla þá sem hafa landlínu, og rukkað þar auk fastagjaldsins sérstakt seðilsgjald. Viðskiptavinurinn getur því verið að borga seðilgjaldið oft, sem þýðir að sjálfsögðu hærri kostnað.

Lagt er til að í 37gr. laganna komi ný málsgrein sem verður 3.mgr. sem hljóðar svo:

3.mgr. Áskrifendur á einstaklingsmarkaði skulu eiga rétt á því að fá einn reikning fyrir allri fjarskiptaþjónustu sem hann kaupir.

4.mgr. Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála eða gjaldskrá til upplýsingar á því formi sem stofnunin ákveður. Stofnuninni er heimilt að krefjast breytinga á skilmálum eða gjaldskrá fyrirtækis ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög þessi.

5.mgr. Fjarskiptafyrirtæki skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína á að gengilegan hátt.

J. Símaskrá.

45. og 46. grein frumvarpsins.

Landssíminn á einu símaskrá landssins og hefur ýmsa möguleika á að hindra aðgang að þjónustu. Dæmi um slíkt vandamál er að finna í 5.mgr. 46.gr. frumvarpsins sem er merkingar í símaskrá. Íslandssími telur þetta dæmi um að löggjafinn sé að styðja markaðsyfirráð Landssímans. Skráning í símaskrá, þýðir með öðrum orðum skráningu í símaskrá Landssímans, aðrir aðilar geta fengið aðgang, en það kostar milljónir. Það er mjög fróðlegt að bera saman kostnað við að fá aðgang á bannlistum í þjóðskrá og bannlistum í símaskrá. Það gengur einfaldlega ekki að Landssíminn haldi utan um þessar upplýsingar og þær eiga að sjálfsögðu heima í þjóðskrá. Í öllu falli þarf skráningaraðilinn að vera óháður öðrum á markaðinum.

Það má í þessu sambandi vísa til þess að þegar reglur um skráningu voru settar auglýsti Landssíminn þessa skráningu mjög mikið. Þetta virðist við fyrstu sýn ekkert athugavert, en þegar menn átta sig á því að samkeppnisaðilar nota símhringingar mjög mikið til að ná

í nýja viðskiptavini, þá verður ljóst að með því að fá sem flesta í merkingu er Landssíminn að setja girðingu utan um sína viðskiptavini.

Lokaorð


Samantekt þessi er fyrst og fremst fallin til að vekja athygli á þeim atriðum fjarskiptafrumvarpsins sem Íslandssími hf. telur mikilvægust. Það má gera ýmsar athugasemdir við önnur atriði í frumvarpinu, þar á meðal lagatæknileg atriði.

Varðandi tilurð frumvarpsins þá fengu hagsmunaaðilar kost á að gera athugasemdir við frumvarpið þegar það var full mótað. Íslandssími hefði t.a.m. talið rétt að hagsmunaaðilar hefðu komið fyrir að málinu þannig að þeir hefðu getað miðlað af reynslu sinni og þannig skorið ýmsa vankanta af frumvarpinu.

Það er skoðun okkar að vanda hefði mátt betur upptöku reglna úr tilskipun ESB og teljum ekki hægt að mæla með nánast beinni þýðingu frá þeim reglum eins og virðist hafa verið gert í sumum tilvikum. Það er því ábending að þess verði gætt í framtíðar endurskoðun fjarskiptalaga að hagsmunaaðilar fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri fyrir, en slík aðkoma gæti verið í gegnum Samtök atvinnulífsins. Með þessu er ekki verið að segja að hagsmunaaðilar eigi endilega að vera þátttakendur í samningu frumvarpsins, heldur aðeins að þeir sjái frumvörp það tímanlega að hægt sé að taka fullt tillit til þeirra athugasemda sem geta verið til bóta.

Að lokum þá óskar Íslandssími eftir því að fá tækifæri til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og eiga skoðana skipti við samgöngunefnd um málið.

Virðingarfyllst
f.h. Íslandssíma hf.



Agúst Sindri Karlsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1438
komudagur 3.3.2003

Dagsetning

03.03.2003

Tilvísun

001/021/03

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dags. 18. febrúar 2003, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um fjarskipti, 599 mál, heildarlög, EES reglur.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða nýjar EES gerðir á sviði fjarskipta. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur allt frá árinu 1999 staðið fyrir undirbúningi að þessum nýju reglum með það að markmiði að einfalda regluverkið og gera það aðgengilegra með því að fækka gerðum og sameina efni þeirra. Jafnframt er markmiðið að færa regluverkið á fjarskiptasviðinu í átt til samkeppnisréttar.

Landssími Íslands hf. (Síminn) telur að með fyrirliggjandi frumvarpi hafi almennt tekist vel til við að innleiða hinar nýju EES reglur. Síminn telur þó að stjórnvöld hafi með frumvarpinu nýtt sér ítrustu heimildir sem EES gerðir mæla fyrir um hvað varðar möguleg inngríp í starfsemi fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild, svo og hvað varðar gildissvið alþjónustukvaða.

Skal nú vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsins:

Markmið og gildissvið, sbr. I kafli

Þessi kafli gefur ekki tilefni til athugasemda umfram þær, að bent skal á að fjarskiptaþjónusta hér á landi hefur verið sú ódýrasta eða meðal þeirra ódýrustu í samanburði OECD ríkja á öllum sviðum fjarskipta. Verður því að telja það markmið gildandi laga, sem áfram mun haldast óbreytt, að tryggja hagkvæm fjarskipti hér á landi, hafi gengið eftir.

Orðskýringar, sbr. II kafli

Engar athugasemdir

Heimild til fjarskiptastarfsemi, sbr. III kafli

Skv. þessu kafla er gerð sú grundvallarbreyting, að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis vegna einstakra þátta fjarskipta heldur er fyrirtækjum heimilt að hefja starfsemi að undangengnum tilkynningum til Póst- og fjarskiptastofnunar. Slík fyrirtæki starfa síðan eftir almennum heimildum sem tryggja þeim lágmarksréttindi. Ákvæði þessi eru í samræmi við heimildatilskipunina og gefa almennt ekki tilefni til athugasemda. Þó skal tekið undir það sjónarmið sem sett er fram í athugasemdum greinargerðarinnar við 3. mgr. 6. gr. að ólíklegt sé að nauðsyn beri til að lagðar verði

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is

sérstakar kvaðir í samræmi við ákvæðið. Samkeppnislegt aðhald á markaði hefur þegar leitt til þess að Síminn hefur gert ráðstafanir til að tryggja öryggi fjarskipta við umheiminn. Auk þess er fyrirhugað að taka nýjan sæstreng, Farice, í notkun í ársbyrjun 2004.

Úthlutun tíðna og númera, sbr. IV kafli

Engar athugasemdir

Markaðir, sbr. V. kafli

Ákvæði V. kafla, um markaði, eru afar mikilvæg. Í þeim endurspeglast sú meginbreyting sem nýja regluverkið hefur í för með sér, að nú skuli skilgreina markaði og tilnefna fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild í samræmi við reglur samkeppnisréttar.

Mikilvægt er að nýir markaðir í örri þróun verði ekki settir undir regluverkið. Þannig segir t.d. í 14. mgr. drögum að „Reccomendation“ framkvæmdastjórnarinnar:

„New and emerging markets, in which a market power may be found to exist because of „first mover advantage“ should not in principle be subject to ex ante regulation.“

Þá er í drögum að „Guidelines“ framkvæmdastjórnarinnar sérstaklega tekið fram (neðanmálsgr. 92):

„Article 14(3) of the framework Directive is not intended to apply in relation to market power leveraged from „regulated“ market into an emerging „non regulated“ market.

Frumvarphöfundar hafa greinilega tekið mið af þessum lögskýringargögnum, enda er sérstaklega tekið fram í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins að ekki verði höfð afskipti af nýjum mörkuðum í örri þróun, nema í sérstökum tilvikum ef mjög sterk rök liggi að baki.

Vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað erlendis og snertir verðlagningu á endagjöldum í farsímanetum, verður að telja líklegt að hvert og eitt farsímafyrirtæki teljist á grundvelli nýja regluverksins hafa ráðandi stöðu hvað varðar markaðinn fyrir símtöl sem enda í netum hlutaðeigandi fyrirtækis. Mun þetta leiða til þess að hin háu gjöld sem Íslandssími hf. tekur fyrir lúkningu símtala í eigin netum fari lækkandi, en um þessar mundir eru þau um 20% hærri en samsvarandi gjöld í farsímaneti Simans.

Alþjónusta og sértæk fjarskiptaþjónusta, sbr. VI kafli

Vegna ummæla sem féllu á Alþingi við fyrstu umræðu um frumvarpið, þess eðlis að útvíkka skuli alþjónustukvaðir, m.a. með því að þær taki til GSM farsímaþjónustu, skal eftirfarandi tekið fram:

Einsýnt er, að ný alþjónustutilskipun vikkar ekki gildissvið alþjónustu frá fyrri tilskipun. Má ráða þetta bæði af texta tilskipunarinnar og lögskýringargögnum að baki hennar. Af þessum sökum er tilskipunin réttilega leidd í íslenskan rétt í VI. kafla

frumvarpsins, sbr. sér í lagi 19. gr. og athugasemdir í greinargerð með því ákvæði. Í athugasemdunum segir m.a. orðrétt:

„Upptalning á þjónustu sem fellur undir alþjónustu er í 3. mgr. og felur ekki í sér auknar kvaðir frá gildandi lögum hvað varðar umfang alþjónustu.“

Með vísan til þessa leggur Síminn ríka áherslu á, að frumvarpið taki ekki breytingum í meðförum þingsins sem hafi í för með sér þyngingu á alþjónustukvöðum. Þessi afstaða sækir m.a. stoð í meginmarkmið EES samningsins um einsleitt Evrópskt efnahagssvæði og jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja í Evrópu. Telji stjórnvöld á hinn bóginn nauðsynlegt að lagt verði í framkvæmdir, rekstur eða þjónustu sem horfi til almannaheilla, t.d. skv. byggðasjónarmiðum, og ætla má að ekki skili arði, án þess að um alþjónustu sé að ræða, er fyrir því séð í 23. gr. frumvarpsins, um sértæka fjarskiptaþjónustu. Ákvæðið, sem er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga, ráðgerir að samgönguráðherra geti óskað eftir að lagt sé í slíkar framkvæmdir og skal þá Póst- og fjarskiptastofnun falið að ganga til samninga við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs. Kostnaður greiðist síðan úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Samtenging neta og þjónustu og aðgangur að þeim, sbr. VII. kafli

Í 27. gr. frumvarps er að finna upptalningu á þeim kvöðum sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að lokinni markaðsgreiningu að leggja á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Síminn telur að í ákvæðinu felist tæmandi talning á þeim kvöðum sem til greina koma og minnir á að ávallt skuli grípa til vægasta úrræðis sem völ er á til að ná því markmiði sem að er stefnt hverju sinni.

Samkvæmt 28. gr. er Póst- og fjarskiptastofnun fengin heimild til að mæla fyrir um aðgang að fjarskiptanetum, nethlutum og tengdri aðstöðu. Ákvæðið byggir á 12. gr. aðgangs- og samtengingartilskipunarinnar. Síminn telur rétt að ítreka nauðsyn þess að stofnunin gæti meðalhófs við álagningu slíkra kvaða og gæti vel að ákvæðum 3. mgr. 28. gr., sem lúta að því að ekki skuli dregið óhæfilega úr hvata til fjárfestingar í fjarskiptanetum.

32. gr. frumvarpsins fjallar um eftirlit með gjaldskrá. Ljóst er að ekki verður gripið til verðlagseftirlits á smásölumarkaði fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið fullreynðar, sbr. meðalhófsregla stjórnsýslulaga sem jafnframt er ein af grunnreglum evrópsk fjarskiptaréttar.

Í 3. mgr. 32. gr. kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Hér er um nokkra stefnubreytingu að ræða, því samkvæmt reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 960/2001, hvílir það á stofnuninni að gera slíkt kostnaðarlíkan. Sé tekið mið af reynslu annarra þjóða við gerð kostnaðarlíkana sem byggja á svokallaðri LRAIC aðferð, er ljóst að veruleg fjárútlát geta fylgt slíkri vinnu. Í Danmörku hleypur kostnaður við gerð slíkra líkana til að mynda á tugum milljóna danskra króna. Í greinargerð með 3. mgr. 32. gr. kemur fram að nánar verði gerð grein fyrir gerð slíkra líkana í reglugerð, sem samgönguráðherra setji, sbr. 5. mgr. 32. gr. Síminn skilur ákvæðið svo, að Póst- og fjarskiptastofnun verði einungis heimilt að krefja fjarskiptafyrirtæki um gerð kostnaðarlíkana á

grundvelli nánari ákvæða í reglugerð, en að aldrei verði lögð sú kvöð á fjarskiptafyrirtæki að vinna slík líkön frá grunni.

Ákvæði 35.gr. um reikisamninga byggir á ákvæði gildandi laga með nokkrum breytingum þó. Eftir setningu gildandi fjarskiptalaga nr. 107/1999 náðu fjarskiptafyrirtækin samningum, annars vegar um svokallað skyldureiki og hins vegar um svokallað þjónustureiki. Samningar um þjónustureiki voru gerðir á hreinum viðskiptalegum forsendum, en í samningum um skyldureikið er tekið mið af ákvæðum gildandi laga um skyldu til reikisamningsgerðar.

Síminn leggur því áherslu á, að þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á reikisamningsákvæðinu raski ekki því jafnvægi sem þó hefur náðst með frjálsum samningum milli fjarskiptafyrirtækjanna um reiki og af athugasemdum við 35. gr. verður ráðið að hér eftir sem hingað til verði meginreglan sú, að aðilar semji sín á milli um verð, útbreiðslu og aðra skilmála reikjaðgangs.

Síminn fagnar ákvæði 36. gr. frumvarps um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi, en skv. ákvæðinu skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri samkeppni. Það hefur skotið skökku við, að á sama tíma og öll einka- og sérleyfi hafa verið felld niður í fjarskiptaþjónustu hafi orkufyrirtækin farið út í samkeppnisrekstur á sviði fjarskipta á sama tíma og þau hafa notið einkaleyfa og ýmissa sérréttinda í sinni kjarnastarfsemi. Verður að gera ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun beiti heimildum sínum á grundvelli 36. gr. af festu í kjölfar setningu laganna.


Að öðru leyti telur Síminn ekki ástæðu til frekari athugasemda við fyrirbyggjandi frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.



Páll Ásgrímsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1429
komudagur 3.3.2003



Alþingi
Samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 26. febrúar 2003
Tilvísun: 2003020130 ÞS/--

Persónuvernd hefur borist beiðni Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, dags. 18. þ.m. Ákvæði frumvarpsins um vinnslu persónuupplýsinga er einkum að finna í IX. kafla þess, 42.–48. gr. („Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs“), og eru þau samin með hliðsjón af nýrri tilskipun Evrópubandalagsins um fjarskipti, 2002/58/EB, um vinnslu persónuupplýsinga og einkalífsvernd í fjarskiptum, en hún leysir af hólmi tilskipun 97/66/EB um sama efni. Önnur ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga eru í f-, j- og o-lið 2. mgr. 6. gr., 1.–4. mgr. 38. gr., 51. gr. og c-lið 2. mgr. 61. gr.

Athugasemdir Persónuverndar við ákvæði frumvarpsins, sem eingöngu grundvallast á sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og örugga meðferð persónuupplýsinga, eru sem hér greinir:

1. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ákvæði sem ekki fjallar um vinnslu persónuupplýsinga en hefur þó bein áhrif á hvernig eftirliti með henni er háttað. Þar segir að „Póst- og fjarskiptastofnun [skuli] hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu Íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.“ Persónuvernd leggur til eftirfarandi viðbót við ákvæðið:

Persónuvernd skal þó hafa eftirlit með að farið sé eftir ákvæðum IX. kafla nema annað sé tekið þar sérstaklega fram. Þá skal afla umsagnar Persónuverndar við setningu reglugerðar samkvæmt 4. mgr. 38. gr. um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana; skilmála samkvæmt 4. mgr. 45. gr. um afhendingu símaskrárupplýsinga; og reglna samkvæmt 51. gr. um fyrirkomulag númerabirtingar. Um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við reikningagerð og númerabirtingu fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Rétt er að taka fram að fyrirvarinn í 1. málslíð tillögunnar um að Persónuvernd fari ekki með þau verkefni, sem sérstaklega er tekið fram að Póst- og fjarskiptastofnun hafi með höndum, helgast af því að þessi verkefni, eins og frumvarpið er úr garði gert, eru ekki þess eðlis að æskilegt sé að fela þau Persónuvernd, enda tengjast þau fremur almennu stjórnsýsluhlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar en vinnslu persónuupplýsinga.

Verði frumvarpinu breytt á þann veg, sem hér er lagt til, verður betur tryggt að almennar reglur um meðferð persónuupplýsinga verði virtar við úrlausn mála um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum. Sömu sjónarmið og grundvallarreglur gilda um vinnslu persónuupplýsinga á því sviði og á öðrum sviðum. Þær reglur, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/58/EB og sem lagaákvæði um vinnslu persónuupplýsinga í fjarskiptum byggjast á, eru einungis nánari útfærsla á þeim sjónarmiðum og grundvallarreglum. Telja verður óskilegt fyrirkomulag að á þessu eina sviði verði eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga alfarið fengið Póst- og fjarskiptastofnun. Aðkoma Persónuverndar er nauðsynleg, bæði til að tryggja eðlilegan einkalífsrétt og til að stjórnsýslan verði gagnsærri fyrir hinn almenna borgara.

2. Í 1.–4. mgr. 38. gr. frumvarpsins er fjallað um sundurliðaða reikninga, en einnig er fjallað um það efni í 7. gr. tilskipunar 2002/58/EB. Þar segir, í 1. mgr., að *áskrifendur skuli hafa rétt á að fá ósundurliðaða reikninga*. Ekki er kveðið á um þetta í 38. gr. frumvarpsins, en í athugasemdum greinargerðar er hins vegar tekið fram að áskrifandi skuli alltaf eiga heimtingu á að fá ósundurliðaða reikninga. Persónuvernd telur að þetta sé slík grundvallarregla að kveða ætti sérstaklega á um hana í lögum. Er því lagt til að í lok 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi setning: „Ávallt skal bjóða áskrifanda val um hvort hann fær sundurliðaðan eða ósundurliðaðan reikning.“

3. Í 51. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli bjóða notendum upp á númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd. Persónuvernd telur nauðsynlegt að í ákvæðinu verði kveðið með skýrari hætti á um hvaða reglur gildi um númerabirtingu. Skýrt þarf að vera að notandi skuli geti komið í veg fyrir að *númer hans birtist hjá þeim sem hann bringir í*, sbr. 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/58/EB; að hann geti komið í veg fyrir að hægt sé að *bringja í hann án þess að númer þess sem bringir birtist*, en með því getur hann varist símtölum sem honum þykja, einhverra hluta vegna, óskileg, sbr. 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar; og að hægt sé, með *adstoð lögreglu*, að *rekja símbringingar frá mönnum sem valda ónæði*, t.d. með því að leggja einhvern í einelti með símtölum, *þótt þeir nýti sér númeraleynd*, sbr. a-lið 10. gr. tilskipunarinnar.

Persónuvernd telur þessar reglur þess eðlis að kveða ætti á um þær í lögum. Í ljósi þess er lagt til að eftirfarandi ákvæði verði tekin upp í frumvarpið og verði þá 2. og 3. mgr. 51. gr.:

Notendum talsímabjónustu skal vera unnt að koma í veg fyrir að símanúmer þeirra birtist hjá þeim sem hringt er í. Einnig skal notendum vera unnt að koma í veg fyrir að þeir fái símtöl frá aðilum sem leyndu því hvaðan er hringt. Þá bjónustu, sem fjallað er um í þessari málsgrein, skal veita án sérstaks gjalds.

Sé notanda talsímabjónustu oft og ítrekað valdið ónæði með símhringingum, sem telja verður alvarlegs eðlis, t.d. vegna þess að sá sem hringir viðhefur ósæmilegt orðbragð eða hefur í hótunum, og númer þess sem hringir birtist ekki, skal hann eiga kost á liðsinni lögreglu við að rekja hvaðan hafi verið hringt.

4. Í 46. gr. frumvarpsins er fjallað beina markaðssetningu. Vakin er athygli á því að nokkurt ósamræmi er á milli þessa frumvarpsákvæðis annars vegar og tiltekinna lagaákvæða hins vegar, sem hér segir:

Í ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum, kemur fram sú almenna regla að einstaklingi er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Þessi andmælaréttur birtist m.a. í fyrirmælum laganna um að *Hagstofa Íslands skuli taka við andmælum frá þeim sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi*. Er þeim sem t.d. vinna í beinni markaðssókn óheimilt að

vinna með persónuupplýsingar um þá einstaklinga sem hafa andmælt með þeim hætti. Þetta á við um þá sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum o.þ.h. og þýðir að þeir verða, áður en slík skrá er notuð við markaðssetningu, að bera hana saman við skrá Hagstofunnar.

Í 14. gr. laga nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga, en eftirlit með þeim er á hendi Samkeppnisstofnunar, er og sérregla um bann við notkun á tilteknum fjarskiptaaðferðum, þ.e. án sérstaks samþykkis. Þar segir að óheimilt sé að nota *símbréf eða sjálfvirk uppbringingatæki* við sölustarfemi sem lögin taka til nema neytandi hafi sérstaklega veitt *samþykki sitt* fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða. Ber seljendum vöru og þjónustu sem lög þessi taka til, áður en bein markaðssókn er skipulögð, því að kanna skrá Hagstofu Íslands yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu og hafi neytandi óskað eftir því að vera færður í skrána er bein markaðssókn til hans óheimil. Þá er þar og að finna þá sérreglu að hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands eða áskrifandi fjarskiptaþjónustu óskað eftir sérmerkingu í símaskrá í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og seljandi sendir honum í beinni markaðssókn *tölvupóst* skuli gefa neytanda kost á að veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þeirri fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar.

Af framanrituðu leiðir að mikill aðstöðumunur er milli aðila, sem starfa við markaðssókn, eftir því hvort þeir kjósa að nota símbréf, tölvupóst eða hefðbundinn póst við að koma kynningarefni á framfæri við neytendur. Ljóst er að slíkt er til þess fallið að valda ruglingi. Persónuvernd berst fjöldi fyrirspurna um lögmætar aðferðir við dreifingu markpósts. Er nauðsynlegt að á þessu verði tekið nú við gerð nýrra laga um fjarskipti.

Virðingarfyllt



Þórður Sveinsson



Alþingi - Samgöngunefnd
Ágúst Geir Ágústsson
150 REYKJAVÍK

2003030007

211

3. mars 2003


Málefni: Fjarskipti, 599. mál.

Vísað er til bréfs yðar dags. 18. febrúar 2003 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál.

Við undirbúning þessa frumvarps starfaði vinnuhópur á vegum samgönguráðuneytis. Póst- og fjarskiptastofnun átti fulltrúa í þeim hópi og átti því kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við gerð frumvarpsins. Af þeim sökum hefur stofnunin ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við frumvarpið.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tiltekna EES-gerðir sem gerð er grein fyrir í athugasemdum. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ber að innleiða þessar gerðir hér á landi. Meðal nýmæla eru sveigjanlegri reglur um afskipti af markaðsaðilum, sem gera ráð fyrir að afskipti séu aðeins höfð þegar nauðsyn krefur og að úrræði séu miðuð við raunverulegar þarfir á hverjum markaði fyrir sig. Ákvæði varðandi neytendavernd eru ítarlegri en í gildandi lögum m.a. hvað varðar viðskiptaskilmála, gæði þjónustu og vernd persónuupplýsinga. Það er álit Póst- og fjarskiptastofnunar að þær reglur sem settar eru fram í umræddum EES gerðum og í frumvarpi þessu séu vel til þess fallnar að virkja samkeppni á fjarskiptamörkuðum og tryggja réttindi neytenda.

F.h. Póst- og fjarskiptastofnunar,


Sigurjón Ingvarsson



Alþingi
Erindi nr. P 128/1560
komudagur 7.3.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 5. mars 2003
Tilvísun: 2003020189
091.1

Alþingi nefndarsvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál heildarlög, EES-reglur.

Inngangur

Ríkislögreglustjórinn, telur af ástæðum sem raktar verði hér á eftir, að frumvarp að nýjum fjarskiptalögum sé á margan hátt gallað og þarfnist breytinga við. Einkum er það mikið áhyggjuefni að í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir eðlilegri lágmarks varðveislu gagna um fjarskiptumferð svo lögregla geti upplýst brot á netinu þar sem ekki er tryggt að annálar tenginga á fjarskiptanetum verði varðveittir í hæfilegan tíma. Má ætla að þetta muni hindra að hægt verði að upplýsa alvarlega glæpi á internetinu í framtíðinni. Varðar þetta einkum tölvusamskipti á internetinu þar sem tíðkanlegt er að veita ókeypis internetaðgang sem og að innheimta fyrir þjónustu í formi fasts gjalds. Samkvæmt frumvarpinu verður óheimillt og refsivert fyrir fyrirsvarsmenn fjarskiptafyrirtækja að varðveita annála um fjarskiptaumferð þegar þeirra er ekki þörf í þágu innheimtu. Auk þess sem fjarskiptafyrirtækjum verður bannað að geyma gögn um tengingar annarra við fjarskiptakerfi þeirra þar sem slíks er sjaldnast þörf í þágu gjaldtöku fyrir þjónustu. Hinir brotlegu geta þó allt eins verið þeir sem tengjast fjarskiptakerfum á internetinu ólöglega utan í frá eða til að fremja gegn þeim eða með þeim refsilagabrot. Ástæða er einnig til að óttast að löggjöf sem þessi sé til þess fallin að hvetja til brotastarfsemi á internetinu og draga athygli og áhuga erlendra brotamanna að Íslandi.

Almennt um tölvutengd brot

Með stækkandi hlutverki internetsins í daglegu lífi fólks hefur hættan á brotastarfsemi þar aukist sem og áhrif sem slík brot geta haft á daglegt líf fólks og rekstur fyrirtækja. Á internetinu má finna nánast alla þætti mannlífsins þar á meðal útibú margra af stærri fyrirtækja landsmanna. Má þar sem dæmi nefna að nú bjóða allflestir bankar landsmanna þjónustu sína þar, samgöngufyrirtæki s.s. flugfélög og skipafélög, opinberar stofnanir svo sem Alþingi, dómstólar, stjórnarráðið, lögregla, o.fl. Má minna á nýlegt dæmi þar sem brotist var inn á heimasíðu Hæstaréttar og gerðar breytingar á henni. Auk þessa fer fram margskonar sölustarfsemi á netinu þar sem hægt er að kaupa vörur og greiða fyrir þær.

Vegna þessa verður ekki komist hjá því að allskonar brotastarfsemi eigi sér þar stað. Nægir í þessu efni að benda á dreifingu á barnaklámi og samvinna einstaklinga um misnotkun barna, aðgengi óprúttinna einstaklinga að börnum fyrir tilstilli spjallrása og annarra úrræða á netinu, höfundarréttarbrot með ólöglegri sölu og dreifingu kvikmynda, tónlistar, myndverka, bóka og tölvuforríta. Einnig má nefna fjársvik í kringum sölustarfsemi, ýmis konar falsanir og önnur brot sem tengjast efni gagna á tölvutæku formi, notkun netsins til að setja fram hvatningu til kynþáttaofsókna, hótana og miðlun upplýsinga milli aðila sem stunda brotastarfsemi. Síðast

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

en ekki síðst má nefna innbrot í tölvukerfi sem vegur gegn öryggi fjarskiptakerfa, sbr. 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins, sem hafa orðið fyrir árásum tölvuþrjóta, mörg hver oft á dag, bæði símkerfi og internetþjónustuaðilar. Um flest af þessu finnast dæmi á Íslandi og hefur efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans fengið til rannsóknar flestar tegundir brota á internetinu þar sem niðurstaða rannsókna hefur oltið á aðgengi að gögnum um tengingar.

Skyldur lögreglu samkvæmt lögum

Framangreind brot valda miklu tjóni á hagsmunum einstaklinga og fyrirtækja á ári hverju. Lögreglunni ber skylda til að rannsaka og leitast við að berjast gegn slíkum brotum sem öðrum, sbr. 66. og 67. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála. Í því skyni að staðfæra íslensk hegningarlög að breyttum brotavettvangi var gerð breyting á almennum hegningarlögum með lögum nr. 30, 1998, sem leggja refsingu við nokkrum af þeim brotum sem að framan greinir. Á síðari árum hafa verið gerðar breytingar á 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðandi barnaklám með lögum nr. 39, 2000 og 14, 2002. Breytingar þessar hafa verið gerðar í því skyni að herða viðurlög við dreifingu og vörslu á barnaklámi. Dreifing barnakláms á sér að mestu stað á internetinu. Framangreind brot eru almennt því marki brennd að uppljóstrun þeirra veltur á að lögregla geti rakið samskipti milli tölvukerfa, fjarskiptakerfa, með því að fá aðgang að annálum, e. log-files. Rétt er að áréttta að skilyrði fyrir aðgengi lögreglu að annálum fjarskipta, sem og afritun og hlerun þeirra veltur á heimild 86. og 87. gr. laga nr. 19, 1991, um meðferð opinberra mála, sbr. einnig 3. mgr. 47. gr. frumvarpsins sem er samhljóma 2. mgr. 43. gr. nógildandi fjarskiptalaga nr. 107, 1999. Þeirra verður ekki aflað án úrskurðar dómara sem fer yfir gögn og rökstuðing lögreglu til að meta hvort lögfull skilyrði eru fyrir slíkum aðgengi. Leynd umræddra gagna nýtur því ríkrar verndar að íslenskum lögum sem og vernd persónuupplýsinga notenda. Skilyrði til þess að lögregla geti fengið aðgang að þessum gögnum eru mikið strangari en skilyrði heimildar til húsleitar á heimilum fólks, svo dæmi sé tekið.

Ríkislögreglustjórinn hefur samkvæmt b – lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996, það hlutverk; „að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess“. Þannig hefur embætti Ríkislögreglustjóra skyldu til að fylgjast með og leitast við að varna brotum sem að framan greinir og upplýsa þau. Má sem dæmi um slíka hættu nefna hryðjuverkaógnina sem nú hvílir á vesturlöndum eftir 11. september 2001. Er þá ekki eingöngu um að ræða hættu sem beinist að íslenska ríkin sjálfu heldur einnig erlendum ríkjum og sendiráðum þeirra. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans hefur rannsakað brot sem tengjast notkun internetsins sem miðils til að koma á framfæri hótunum um sprengjutilræði gegn bandaríska sendiráðinu. Eins og öllum er kunnugt beindist rannsókn bandarískra lögregluyfirvalda að samskiptum hryðjuverkamanna á internetinu og millifærslur peninga á netinu. Íslenska lögreglan hefur þurft að bregðast við beiðnum um aðstoð við rannsóknir slíkra mála erlendis frá. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt verður mjög vegið að möguleikum lögreglu til að upplýsa slík brot og taka þátt í baráttu alþjóðasamfélagsins við hryðjuverkaógnina.

Skyldur samkvæmt milliríkjasamningum

Alþjóðasamfélagið hefur viðurkennt þann vanda sem af tölvubrotum getur hlotist og má sem dæmi um þetta nefna nýlegan sáttmála Evrópuráðsins frá 23. nóvember 2001 um tölvuglæpi, Convention on Cybercrime, sem íslendingar undirrituðu 30. nóvember 2001. Samkvæmt sáttmálanum skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja að löggjöf þeirra uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði um refsí- og réttarfarsúrræði til að tryggja sem besta uppljóstrun þessara brota. Auk þess sem aðildarríkin gangast undir ákveðnar skuldbindar til að stuðla að góðri

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

samvinnu við rannsóknir þessara brota. Þar á meðal að tryggja að gögn um tengingar milli tölvukerfa, e. traffic data, fari ekki forgörðum og þar með möguleikarnir til uppljóstrun þessara brota. Um alþjóðlega samvinnu er fjallað í III kafla samningsins. Samningurinn kveður á um að í þágu samvinnu skuli þar til bær lögregluyfirvöld hafa á að skipa heimildum til að gefa internetþjónustuaðilum bindandi fyrirmæli um varðveislu gagna, sbr. 16. og 17 gr. samningsins. Ljóst má vera að samningurinn um tölvuglæpi mun kalla á nokkrar lagabreytingar. Þrátt fyrir að samningurinn kveði ekki sérstaklega á skyldu aðildarríkja til að varðveita gögn um tengingar milli tölvukerfa má ljóst vera að til þess að Íslands geti staðið undir skuldbindingum sínum verður að tryggja eðlilega og hóflega vörslu slíkra gagna.

Almennt um þagnarskyldu

Þagnarskyldu í lögum má skipta gróflega í tvo flokka. Annars vegar eru almenn ákvæði um þagnarskyldu s.s. ákvæði 18. gr. laga nr. 70, 1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 115. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 22. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996 og fleiri sambærileg. Hins vegar eru ákvæði sem kveða á um ríkari þagnarskyldu, eða vernd upplýsinga, s.s. 43. gr. laga nr. 113, 1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 43. gr. laga nr. 107, 1999, um fjarskipti. Í fyrra tilfellinu er ekki gert ráð fyrir að dómsúrskurð þurfi til að lögregla geti, í þágu rannsóknar opinbers máls, fengið upplýsingar afhentar. Er sú raunin t.d. þegar lögregla rannsakar skattalagabrot og aflar í því skyni skattframtala og annarra upplýsinga frá skattayfirvöldum. Í seinna tilvikinu gildir ríkari þagnarskylda sem ekki verður aflétt nema með úrskurði dómara að uppfylltum skilyrðum þar um. Ríkislögreglustjórinn telur að ekki sé nauðsynlegt að allar upplýsingar sem tengjast fjarskiptum njóti hinnar ríkari verndar. Heldur nægi hin almenna þagnarskylda til verndar þeim. Þessar upplýsingar eru eins og rakið er hér á eftir upplýsingar um rétthafa símanúmers og upplýsingar um notanda IP tölu. IP tala er númer sem allir notendur internetsins hafa til auðkennis í samskiptum á internetinu. Í 21. tölulið 1. mgr. 3. gr. eru IP tölur, internetauðkenni og símanúmer skilgreind sem hugtökin númer og vistföng. Lögð er til breyting á 47. gr. frumvarpsins þannig að einföld beiðni frá lögreglu um upplýsingar nægi til að þeim sem taldir eru upp í 3. mgr. greinarinnar geti afhent upplýsingarnar án undangengins úrskurðar dómara.

Breytingartillögur við frumvarpið

Breytingartillaga við 42. gr. frumvarpsins.

Í 42. gr. frumvarpsins er fjallað um varðveislu gagna um fjarskiptaumferð og er meginreglan sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins sú að eyða skuli eða gera nafnlaus öll gögn um fjarskiptaumferð þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptatengingar. Í 2. og 3. mgr. er síðan kveðið á um undantekningar þegar um er að ræða nauðsyn á vörslu gagnanna til að hægt sé að innheimta gjald fyrir þjónustuna og þegar nota á upplýsingarnar til markaðssetningar, en þá með samþykki notandans.

Umrædd grein er byggð á 6. gr. persónuverndartilskipunarinnar. Í 6. gr. er vísað til 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að ríki geti í þágu þjóðaröryggis, almannaöryggis, til varnar, rannsóknar og saksóknar afbrota tekið upp í lög úrræði til að tryggja varðveislu gagna í takmarkaðan tíma. Er í greininni einnig vísað til undantekningarákvæða tilskipunar nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þrátt fyrir þetta er þessi heimild ekki á neinn hátt nýtt í frumvarpinu í því skyni að tryggja lágmarks vörslu þessara gagna. Er til þess að líta að stór hluti allra

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

internetnotenda greiða fast verð fyrir þjónustuna eða greiða ekki fyrir hana þar sem þeir nýta tilboð um ókeypis internetaðgang sem í boði er. Má sem dæmi nefna að Landsbanki, Íslandsbanki og Búnaðarbanki hafa boðið viðskiptavinum sínum og öðrum upp á slíkan ókeypis aðgang að netinu. Með frumvarpinu er þegar svona háttar til í raun verið lýsa refsivert að varðveita gögn um fjarskiptaumferð lengur en fjarskiptin standa. Samkvæmt þessu verður fjarskiptafyrirtæki að eyða gögnunum nánast samstundis eða í það minnsta um leið og aftenging á sér stað. Frumvarpið, verði það að lögum óbreytt, girðir fyrir að hægt sé að upplýsa meint brot framin á internetinu ef þau eru framin af notendum framangreindrar þjónustu og leiðir til þess að uppljóstrun brota ræðst af því hvort hinn brotlegi greiðir í samræmi við notkun sína eða ekki.

Áréttta verður að lögregla mun upplýsa mjög fá mál vegna brota á internetinu án þessara gagna, enda þarf ekki að fjölyrða um það að engin vitni geta borið um brot manna á internetinu þar sem auðkenni þeirra sem þar vafra eru oft tilbúningur eða talnarunur sem hafa enga þýðingu nema hægt sé að rekja tengingar þeirra til upprunans.

Þá er einnig ástæða til að ætla að óprúttir aðilar muni leita eftir að kaupa þjónustu fyrirtækja sem rukka fast gjald óháð notkun fyrir þjónustu sína, fyrirtækja sem tryggja þeim að farið verði að lögum og gögnum um tengingar eytt jafnóðum. Gott dæmi um þetta eru aðilar sem dreifa barnaklámi og koma fram á spjallrásum og víðar undir dulnefni með breytilega IP tölu. Slík breytileg IP tala er skráð á fjarskiptafyrirtæki og verður eingöngu rakin til notandans að fjarskiptafyrirtækið sem veitir viðkomandi aðila aðgang að netinu og úthlutar honum tímabundna IP tölu, varðveiti skrár um tengingarnar svo samkenna megi úr hvaða síma er tengst og hvaða áskrifandi er notandi IP tölunnar á gefnum tímapunkti. Frumvarpið girðir fyrir að jafnvel svona brot verði upplýst fylgi fjarskiptafyrirtækið lögum og eyði gögnum um tenginguna um leið og hennar er ekki lengur þörf vegna fjarskiptanna.

Tengingar símafyrirtækja í milli verða væntanlega ekki vandamál í þessu samhengi þar sem flest þeirra taka gjald fyrir þjónustu sína í samræmi við notkun og varðveita gögn um tengingar þannig að fullnægjandi sé. Vandinn er aðallega bundinn við tengingar tölvukerfa á internetinu. Einnig má benda á að óeðlilegur munur verður á persónuvernd, sem verndarandlag þessara ákvæða, eftir því hvort notandinn greiðir eftir notkun eða hvort hann greiðir ekki eða fast gjald óháð notkun. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. frumvarpsins geta fjarskiptafyrirtæki varðveitt gögn um tengingar viðskiptavina sinna í allt að fjögur ár eftir að reikningur er gefinn út, sbr. 3. gr. laga nr. 14, 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Erfitt er að skilja af hverju persónuverndin getur verið svona rýr í einu tilfelli og svo alger í öðru algerlega háð gjalddöku fyrir þjónustuna.

Í ljósi framangreinds vill Ríkislögreglustjórinn gera tillögu að breytingu á 42. gr. frumvarpsins og leggur til að bætt verði við 1. mgr. 42. gr. nýjum málslíð þannig að greinin hljómi svona. Breytingin er skyggð.

42. gr.

Gögn um fjarskipti.

Gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskipta sendingar. **Fjarskiptafyrirtæki skulu þó varðveita upplýsingar um alla fjarskiptaumferð notenda eigi skemur en 6 mánuði frá því tengingin átti sér stað.**

Gögn um fjarskiptanotkun sem nauðsynleg eru til reikningsgerðar fyrir áskrifendur og uppgjörs fyrir samtengingu má geyma þar til ekki er lengur hægt að vefengja reikning eða hann fyrnist.

Með samþykki áskrifanda er fjarskiptafyrirtæki heimilt að vinna úr gögnum skv. 1. mgr. vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða framboðs á virðisaukandi þjónustu að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir slíka þjónustu eða markaðssetningu. Samþykki má afturkalla hvenær sem er.

Þjónustuveitandi skal upplýsa áskrifendur fyrir fram um hvaða gögn um fjarskiptanotkun eru tekin til úrvinnslu og hversu lengi úrvinnsla mun standa.

Úrvinnslu gagna samkvæmt þessari grein skulu þeir einir sinna sem eru undir stjórn fjarskiptafyrirtækja og sjá um gerð reikninga eða stjórnun fjarskiptaumferðar, fyrirspurnir not enda, uppljóstrun misferlis, markaðssetningu fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu og skal úrvinnslan einskorðast við það sem er nauðsynlegt í þágu slíkrar starfsemi.

Breytingartillaga við 47. gr. frumvarpsins.

Um skyldu til að upplýsa um símanúmer, internetauðkenni og notendur þeirra.

Eins og rakið er hér að framan er mismunur á þeirri þagnarvernd sem lög kveða á um. Í 45. gr. frumvarpsins er fjallað um skrár yfir áskrifendur og rétt áskrifenda til að vera skráðir eða óskráðir í slíkar skrár. Lögregla þarf í mörgum tilfellum, í tengslum við rannsóknir opinberra mál, að fá upplýsingar um rétthafa símanúmera utan opinberrar símaskrár, svo kölluð leyninúmer. Í framkvæmd hefur verið nokkuð á reiki hvort símafyrirtæki hafi talið sér heimilt að afhenda þær upplýsingar án úrskurðar dómara. Hafa þau gjarnan talið sér óheimilt að veita þessar upplýsingar án úrskurðar.

Óeðlilegt verður að telja að niðurstaða þess hver aðgangur lögreglu er að þessum upplýsingum ráðist af því hvort notandi þjónustunnar ákvað að standa utan símaskrár eða ekki enda eru upplýsingar þessar almennt aðgengilegar fyrir alla í opinberum símaskrá. Réttinum til að standa utan símaskrár er ekki stefnt gegn rannsóknnum lögreglu heldur ónæði og aðgengi óviðkomandi. Þessar upplýsingar eru ekki þess eðlis að þær geti flokkast sem viðkvæmar persónuupplýsingar eins og t.d. upplýsingar um tengingar milli fjarskiptatækja þar sem fram kemur við hvern viðkomandi talar í síma og upplýsingar um efni þeirra símtala. Í þessu efni verður að gera greinarmun varðandi þagnarskylduna hvort um er að ræða upplýsingar um hver notandi er og gagna um tengingar og efni þeirra. Þetta ætti að vera augljóst eins auðveldur og aðgangur er að símaskrá og skrá um rétthafa fastra IP tala á internetinu er.

Benda má á að í grein. 9-3 þriðja lið norsku fjarskiptalaganna er kveðið á um samskonar skyldu fjarskiptafyrirtækja til að upplýsa lögreglu og ákærvaldi um skráða notendur. Þar

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
segir;

„Taushetsplikten er ikke til hinder for at det gis opplysninger til påtalemyndigheten eller politiet om registrert navn, adresse, telefonnummer eller datakommunikasjonsadresse. Det samme gjelder ved vitnemål for retten.“

Samkvæmt norskum Hæstréttardómi frá 20. desember 1999 í máli 88/1999 komst Hæstiréttur Noregs að þeirri niðurstöðu um skýringu framangreinds ákvæðis 9-3 þriðja lið að undir það félli upplýsingar um hver notandi IP tölu væri á gefnum tíma. Var lögð áhersla á að umrætt ákvæði væri sett til að veita lögreglu og ákærvaldi skjótan og greiðan aðgang að leyninúmer síma. Taldi dómurinn að notandi breytilegrar IP tölu sem er einskonar símanúmer internetsins sem væri úthlutað tímabundið til notandans ætti ekki að njóta meiri verndar en notendur/rétthafar fastra IP talna. Upplýsingar um fastar IP tölur er að finna opnum heimasíðum á internetinu þar sem skráðar eru upplýsingar um rétthafa IP talna um allan heim, meðan tímabundinn notandi IP tölu sem fær hana úthlutaða eða leigða tímabundið af skráðum rétthafa nyti aukinnar verndar. Felldi rétturinn því umræddar upplýsingar undir skilgreiningu ákvæðisins á „datakommunikasjonsadresse“ og taldi umræddu fjarskiptafyrirtæki bæri skylda til að afhenda lögreglu allar upplýsingar sem það hafði um hver af áskrifendum þess var notandi IP tölunnar á gefnum tímapunkti. Taldi rétturinn að ekki skipti máli þótt fjarskiptafyrirtækið þyrfti að greina á milli gagna um tengingar milli fjarskiptatækja og upplýsinga um notandann til að geta gefið upplýsingarnar. Fjarskiptafyrirtækið þurfti að kanna bæði hvaða notandi skráði sig inn í umrætt skipti og úr hvaða símanúmeri var hringt til að tengjast og gefa umræddar upplýsingar. Rétt er að áréttta að í þessu fellst ekki að veittar séu upplýsingar með þessum hætti um internetnotkun viðkomandi eða tengingar hans við önnur fjarskiptatæki. Hæstiréttur Noregs tók afstöðu til þess hvort ákvæðið væri í ósamræmi við þjóðréttarskuldbyndinar Noregs s.s. Mannréttindasáttmála Evrópu en komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Skuldbindingar Íslands eru þær sömu.

Af þessari ástæðu vill Ríkislögreglustjórinn gera þá breytingartillögu að kveðið verði á skyldu símafyrirtækja til að gefa lögreglu upp allar upplýsingar um rétthafa leyninúmera í tengslum við rannsóknir opinberra mála án þess að til þess þurfi að afla úrskurðar dómara, sem og upplýsingar um hver af viðskiptavinum, eða áskrifendum fjarskiptafyrirtækis er notandi ákveðinnar IP tölu á gefnum tíma. Mikilvægt er að eyða allri óvissu um heimild/skyldu símafyrirtækja til að afhenda þessar upplýsingar sem og að létta af dómstólum og lögreglu óþarfa töfum og vinnu við að fara dómstólaleiðina að öflun jafn sjálfsagðra upplýsinga. Lagt er til að ný 5. mgr. bætist við 47. gr. frumvarpsins þar sem kveðið verði á um heimild til afhendingu upplýsinga til lögreglu án undangengis úrskurðar.

Varsla gagna um tengingar í þágu öryggis fjarskiptakerfa

Þá er einnig gerð breytingartillaga við 1. mgr. 47. gr. frumvarpsins þannig að við það bætist nýr málslíður þar sem kveðið er á um heimild til fjarskiptafyrirtækja til að varðveita gögn um tengingar við fjarskiptanet sín í því skyni að hægt sé að rekja hver standi á bak við atlögu að öryggi kerfisins. Visast til þess sem rakið er hér að framan varðandi breytingar á 42. gr. frumvarpsins og nauðsyn þess að hægt sé að upplýsa brot s.s. innbrot í tölvukerfi og símkerfi sem hægt er að upplýsa ef og eingöngu ef til eru skrár um hver var að verki í umrætt skipti. Umrædd skráning um tengingar hefur einnig áhrif til að fæla frá brotum og tilraunum til brota og stuðlar þannig að auknu öryggi kerfanna. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans hefur fengið mál til rannsóknar þar sem engin leið var að upplýsa tilraun til innbrots í tölvukerfi vegna þess að reksraraðili kerfisins varðveitti engin gögn um tengingar utan frá við kerfið.

Skyldur Íslands samkvæmt samningi Evrópuráðsins

Eins og rakið er hér að framan er Ísland orðið aðili að samningi Evrópuráðsins um tölvubrot, „Convention on Cybercrime“. Ein af samningsskyldum aðildarríkja er að tryggja í löggjöf að þar til bær yfirvöld, á Íslandi lögreglan, geti gefið vörsluaðilum gagna um tengingar milli tölvukerfa sem og tölvuganga sem vistuð eru í tölvukerfi fjarskiptafyrirtækis, fyrirmæli um varðveislu þeirra gagna meðan aflað er dómsúrskurðar fyrir afhendingu þeirra. Þetta er gert í því skyni að tryggja að gögnin fari ekki forgörðum áður en úrskurðar er aflað en um leið að tryggja þá vernd sem umrædd gögn njóta. Um þetta er fjallað í 16. gr. sáttmálans og skal slík varsla vera tryggð með því að fyrirmælin séu bindandi fyrir vörsluaðilann, fjarskiptafyrirtækið, og varðveislan vari allt að 90 dögum.

Í 17. gr. Cybercrime sáttmálans er einnig kveðið á um að aðildarríki skuli setja í lög heimild og skyldu fyrir vörsluaðila gagna um tengingar milli tölvukerfa, e. traffic data, til að veita lögreglu lágmarks upplýsingar svo fljótt sem verða má, um hvaða önnur fjarskiptavirki umræddar tengingar hafa farið. Þetta er gert þar sem töf sem hlotist getur af öflun dómsúrskurðar getur leitt til þess að upplýsingar sem er að finna í öðru fjarskiptaneti um tengingar hins grunaða fari forgörðum vegna þess að lögregla gat ekki tryggt vörslu þeirra í tíma. Tengingar sem þessar geta legið um mörg lönd og þessu ákvæði 17. gr. samningsins er meðal annars ætlað að gera það mögulegt að aðvara lögreglu í öðrum löndum svo þau geti snúið sér til þarlanda fjarskiptafyrirtækja og aflað sönnunargagna. Má nefna í þessu samhengi að efnahagsbrotdeild Ríkislögreglustjórans hefur reynslu af að aðstoða erlend lögregluyfirvöld við að rekja tölvusamskipti sem legið hafa erlendis frá um Ísland og til þriðja lands. Allt þetta brotaumhverfi er undirorpið hraða og síbreytileika sem veldur því að öflun sönnunargagna er háð því að hún fari fram fljótt og áður en gögnin hverfa eða þeim er eytt.

Með vísan til framangreinds er gerð tillaga að breytingu á 47. gr. frumvarpsins þannig að bætt verði við nýrri 4. mgr. þar sem kveðið er á um skyldu fjarskiptafyrirtækja og starfsmanna þeirra til að taka frá og geyma gögn samkvæmt fyrirmælum lögreglu. Þá verði þar kveðið á um skyldu sömu aðila til að gefa lágmarksupplýsingar um hvar annarsstaðar gagna um sömu tengingar kann að vera að leita. Með þessu verði fullnægt skyldum Íslands samkvæmt 16. og 17. gr. Cybercrime sáttmálans. Rétt er að taka fram að sú vernd sem hlýst af þeirri skyldu lögreglu að leita úrskurðar dómara áður en til afhendingar gagna getur orðið er keypt því verði að á meðan er varðveisla gagnanna algerlega háð forræði fjarskiptafyrirtækisins og starfsmanna þess. Cybercrime sáttmálinn tekur á þessu og er lagt til að fjarskiptalögin geri það einnig þannig að uppljóstrun refsilagabrota ráðist ekki af vilja framangreindra aðila til að aðstoða lögreglu heldur hvíli á þeim lagaskylda og refsíabyrgð verði brotið gegn skyldunni, sbr. 74. gr. frumvarpsins. Ófullnægjandi er, þrátt fyrir að lögregla almennt eigi góð samskipti við fjarskiptafyrirtæki og starfsmenn þeirra, að hún þurfi að eiga árangur rannsókna undir greiðvirkni þeirra sem gögnin varsla.

Rétt er að taka fram að samkvæmt 14. og 15. gr. sáttmálans eru allar framangreindar skyldur takmarkaðar af lögum viðkomandi ríkis varðandi úrskurð dómara.

Breytingartillagan

Með vísan til framangreinds er gerð tillaga að breytingu á 47. gr. frumvarpsins þannig að það hljómi á eftirfarandi hátt eftir breytinguna. Breytingin er skyggð.

Öryggi og þagnarskylda.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þjónustunnar í samráði við rekstraraðila fjarskiptaneta ef við **Framangreindum aðilum er í því skyni að tryggja öryggi þjónustunnar heimilt að varðveita gögn um fjarskiptaumferð í allt að 6 mánuðif sérstök hættu er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandinn upplýsa áskrifendur um hættuna.**

Öllum sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, er skylt, bæði meðan þeir gegna starfi og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau.

Fjarskiptafyrirtæki, starfsmenn þeirra og aðrir vörsluhafar skulu hlíða fyrirmælum lögreglu um að taka frá og varðveita gögn tengd fjarskiptum, í allt að 90 daga frá því fyrirmælin eru gefin. Framangreindum aðilum ber, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr, þegar þeir hafa fengið fyrirmæli um varðveislu gagna um fjarskiptaumferð, að veita lögreglu lágmarksupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að bera kennsl á slóð fjarskiptanna og önnur fjarskiptafyrirtæki sem þeim tengjast. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskiptað öðru leyti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. ber fjarskiptafyrirtækjum að afhenda lögreglu, í þágu rannsókna opinbers máls, allar upplýsingar sem þau kunna að búa yfir um skráð nöfn og heimilisföng áskrifanda, númer og vistfang hvort sem er fast eða breytilegt.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Breytingartillaga við 74. gr. frumvarpsins

Í refsirétti nútímans tíðkast að kveða á um refsíabyrgð lögaðila. Má sem dæmi um löggjöf á þessu sviði nefna lög nr. 140, 1998, um refsíabyrgð lögaðila sem bætti inn í hegningarlögin þremur greinum 19. a – c sem fjalla um skilyrði refsíabyrgðar lögaðila. Auk þess sem flest sérrefsilög kveða á um heimild til að refsa lögaðilum. Refsiákvæði frumvarpsins ber ekki með sér að hafa fengið mikla umfjöllun þar sem jafn augljós galli er á því. Ákvæði um refsíabyrgð lögaðila hvíla á þeim sjónarmiðum að eðlilegra sé með tilliti til varnaðargildis refsinga að dæma lögaðila í fésektir enda stendur það lögaðilanum næst að sjá til þess að starfsemin sé með löglegum hætti auk þess sem brot eru oftast drýgð til hagsbóta fyrir lögaðilann en ekki

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

starfsmanninn sjálfan. Einnig þykir það ótæk niðurstaða að brot séu refsilaus þegar ekki er unnt að sýna fram á sök ákveðins starfsmanns.

Lagt er til að bætt verði inn í 74. gr. frumvarpsins nýrri mgr. sem verði nr. 3 og hljóði 74. gr. á eftirfarandi hátt eftir breytinguna.

74. gr.

Viðurlög.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.

Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn IX. kafla laganna um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot gegn lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirvarismaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk þeirrar refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

Fjarskiptabúnað sem hefur verið starfræktur í heimildarleysi má gera upptækan, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skil yrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi, bæta við skilyrðum eða beita dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

Ríkislögreglustjórinn fékk framlengingu á fresti til að skila umsögn sinni hjá ritara samgöngunefndar.

Virðingarfyllt


Heiðar Magnús Gunnarsson lögl. fulltr.

Hjálagt.

Sáttmáli Evrópuráðsins frá 23. nóvember 2001

Fréttatilkynning af heimsíðu Evrópuráðsins um undirritun Íslands á sáttmálanum

Afrita af 9. kapla norsku fjarskiptalaganna frá 1995.

Dómur Hæstaréttar Noregs frá 20. desember 1999



Alþingi
Erindi nr. P 128/1691
komudagur 11.3 2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 7. mars 2003
Tilvísun: 2003020189
091.1


Alþingi nefndarsvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál heildarlög, EES-reglur.

Ríkislögreglustjórinn skilaði umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti 6. mars sl.

Í tilefni af umsögn þessari vill embættið óska eftir að fá að senda fulltrúa sinn á fund samgöngunefndar til að fylgja umsögninni eftir. Ríkislögreglustjórinn leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt



Helgi Magnús Gunnarsson lögl. fulltr.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 R.

Reykjavík, 3. marz 2003.

Ríkisútvarpið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál, heildarlög, EES-reglur. Af hálfu Ríkisútvarpsins eru ekki gerðar neinar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2003

**Efni: Athugasemdir Samkeppnisstofnunar við
frumvarp til laga um fjarskipti – 599. mál.**

Athugasemdir Samkeppnisstofnunar um frumvarp til fjarskiptalaga einskorðast við 14. og 15. gr. frumvarpsins en í báðum greinum er því lýst að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að leita samstarfs við Samkeppnisstofnun í ákveðnum tilvikum.

Í frumvarpi til fjarskiptalaga er gert ráð fyrir samstarfi milli Samkeppnisstofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skilgreiningar á hinum ýmsu undirmörkuðum fjarskiptamarkaðarins. Orðalag frumvarpsins virðist benda til þess að Póst- og fjarskiptastofnun muni hafa frumkvæði að því að óska eftir samráði við Samkeppnisstofnun.¹ Póst- og fjarskiptastofnun hefur með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 9. desember 2002, nú þegar óskað eftir nánú samstarfi.

Sú vinna sem frumvarpið gerir ráð fyrir felst í því að skilgreina þá markaði sem falla undir fjarskiptamarkaðinn. Af frumvarpinu er einnig ljóst að sú aðferðafræði sem beita á við gerð markaðsskilgreiningar er sú sama og beitt er við úrlausn samkeppnismála. Gerð markaðsskilgreininga og gagnaöflun samhliða því er einn umfangsmesti hluti hvers samkeppnismáls. Aðilum máls er gefið tækifæri á að koma að athugasemdum við skilgreininguna og afla þarf mikilla og nákvæmra gagna til þess að aðgreina megi markaði og unnt sé að meta hlutdeild fyrirtækja á þeim.


Það má því gera ráð fyrir að hlutur Samkeppnisstofnunar í samstarfi stofnananna geti orðið stór. Engin reynsla er fyrir hendi hjá Póst- og fjarskiptastofnun í gerð markaðsskilgreininga á sama hátt og hjá Samkeppnisstofnun. Ljóst er því að Póst- og fjarskiptastofnun verður að miklu leyti háð ráðgjöf og vinnu Samkeppnisstofnunar. Hjá Samkeppnisstofnun er nú til rannsóknar ýmis mjög umfangsmikil mál og fjöldi

¹ Sbr. 14. gr: „Haft skal samráð við Samkeppnisstofnun þegar við á.“ og 15. gr: „Þegar við á skal framkvæma greiningu í samstarfi við Samkeppnisstofnun.“




smærri mála. Sökum verkefnastöðu verður Samkeppnisstofnun því ekki unnt að verða við ósk Póst- og fjarskiptastofnunar um aðstoð við gerð markaðsskilgreininga skv. 14. og 15. gr. frumvarpsins, nema til komi viðbótar fjárveiting í því skyni. Á það er minnt að við setningu laga nr. 75/2001 um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. var við það miðað að hlutaðeigandi stjórnvöldum yrði gert kleift að sinna fullnægjandi eftirliti með samkeppnishömlum á fjarskiptamarkaðnum. Það hefur ekki gengið eftir hvað Samkeppnisstofnun áhrærir. Á fjarskiptamarkaðnum hefur Landssími Íslands yfirburðarstöðu og fákeppni hefur aukist eftir samruna fjarskiptafyrirtækja. Samkeppnisstofnun telur mjög bagalegt að stofnunin hafi ekki getu til að viðhafa öflugt eftirlit með samkeppni á þessum mikilvæga markaði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar



Georg Ólafsson

Alþingi
Erindi nr. ~~P~~ 128/1489
komudagur 5.3.2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 4. mars 2003


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 599. mál.

Frumvarpið kveður m.a.á um að innleiða í íslensk lög þær breytingar sem orðið hafa á löggjöf um fjarskipti innan ESB og EFTA sem hafa verið birtar í nýjum tilskipunum ESB.

Í 22. gr. frumvarpsins er lagt til að jöfnunargjald skuli lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, en skv. 15. gr. gildandi laga hvílir gjaldskyldan eingöngu á fyrirtækjum sem starfrækja talsímaþjónustu eða gagnaflutning.

Eins og komið hefur fram þá er hér fyrst og fremst verið að samræma íslenska löggjöf tilskipunum frá ESB og EFTA. Við þá samræmingu er það krafa Vélstjórafélags Íslands að þess verði gætt að möguleikar sjómanna til þess að vera í sambandi við heiminn utan skips verði ekki minnkaðir heldur auknir og einnig möguleikar sjómanna til þess að fylgjast með sjónvarpi á miðunum umhverfis landið.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands


/ Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!